

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Jakob Gunnarsson  
Sérfræðingur, Svið umhverfismats  
[Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is)



### Umsögn vegna matsskildu fyrir Selhöfða í Þjórsárdal Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Vegagerðin hefur yfirfarið fyrirspurn um matsskyldu vegna þjónustumiðstöðvar, gistingu og tjaldsvæðis á/hjá Selhöfða í Þjórsárdal, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, sem unnin er af Landform landslagsaarakitektum dags 21.11.2023 og breytt dags 22.12.2023.

-----  
Síða 1/1

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við innsend gögn og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni í matsskyldu fyrirspurn, enda ekki um nýjar tengingar að ræða.

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Landfræðingur  
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

vegagerdin  
[@vegagerdin.is](https://twitter.com/vegagerdin)

Jakob Gunnarsson  
Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Garðabær, 2. febrúar 2024  
Málsnúmer: 202401-0044  
IAS

**Efni: Ferðapjónustusvæði við Selhofða, fyrirspurn um matskyldu.**

Vísað er í tölvubréf í gegnum skipulagsgátt þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ferðapjónustusvæði við Selhofða, fyrirspurn um matskyldu.

Áformuð er uppbygging innan viðskipta- og þjónustusvæðis við Selhofða í Þjórsárdal í samræmi við nýsamþykkt deiliskipulag. Fyrirhugað er að reisa þjónustumiðstöð, bílastæði, gestahús, tjaldsvæði, salernishús, aðkomuveg og stíga. Tilkynningin nær einnig til framkvæmda á nýjum vegslóða sem tilgreindur er í aðalskipulagsbreytingu fyrir umrætt svæði og liggja mun frá Selhofðum að fjallahótelri við Reykholt. Svæðið er á forræði Skógræktarinnar og þar hefur fjölda trjáa verið plantað á undanfönum árum en þar er einnig um náttúrulegan birkiskógi að ræða á hluta svæðisins. Engin hús eða önnur slík mannvirki eru innan svæðisins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur áður gefið umsögn um Aðalskipulagsbreytingu vegna þjónustumiðstöðvar við Selhofða og ítrekar hér að hluta það sem fram kom í þeirri umsögn.

Ljóst er að aðráttarafl svæðisins eru náttúru- og menningarminjar í Þjórsárdal og með aukinni þjónustu má reikna með aukinni umferð ferðamanna innan friðlýsta svæðisins og samhliða því verður aukið álag á náttúru- og menningarminjar. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að uppbygging á ferðamannstöðum byggist á þolmarkagreiningu til að hægt sé að meta áhrif fjölda ferðamanna á náttúru- og menningarminjar, ásamt upplifun gesta innan landslagsverndarsvæðisins. Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um að gerð hafi verið slík greining en hún er forsenda þess að hægt sé að meta þörfina á innviðum og landvörslu, grípa til aðgerða eða stýringa og vernda þannig enn frekar náttúru- og menningarminjar svæðisins. Æskilegt er að þolmarkagreining fari fram sem fyrst, áður en ráðist er í uppbyggingu þjónustumiðstöðvar, þannig að staða friðlýsta svæðisins í dag sé vel þekkt og sé til viðmiðunar eftir því sem ásókn ferðamanna inn á svæðið eykst.

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér uppbyggingu við Selhofða í Þjórsárdal þar sem meðal annars er náttúrulegur birkiskógor með hátt verndargildi við Tunguhorn. Þjónustumiðstöðina á að byggja inni í birkiskóginum miðjum, sem felur í sér verulegt rask á skóginum vegna byggingarinnar, 5-6 m breiðs aðkomuvegar sem liggja á eftir miðjum skóginum endilöngum og fjögurra göngustíga. Líklegt er að fella þurfí stóran hluta skógarins vegna framkvæmdanna. Ekki er að sjá annað en nægt pláss sé á skipulagssvæðinu til að koma þjónustumiðstöðinni fyrir án þess að raska birkiskóginum og því mælist Náttúrufræðistofnun til þess að




þjónustumiðstöðinni verði fundinn annar staður innan skipulagssvæðisins og birkiskóginum verði hlíft.

Þjónustusvæðið er utan náttúruverndarsvæða en í námunda við landslagsverndarsvæðið í Þjórsárdal. Vegurinn frá þjónustusvæðinu að fjallahóteli við Reykholt, sem tilkynningin nær einnig til, mun að mestu liggja utan við landslagsverndarsvæðið og ekki fara inn á það fyrr en eftir að hann tengist núverandi vegini.

Þjónustusvæðið er jafnframt á nútímahrauni, Búrfellshrauni, sem er um 3.300 ára gamalt en þar sem birkiskógarinn er, hylur um 9 m þykkur jarðvegur hraunið en utan birkiskógarins er jarðvegurinn rofinn og má sjá sandorpið yfirborð hraunsins en verndargildi þess er lágt.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að fyrirhugað rask á birkiskóginum sé ósættanlegt og að æskilegt sé að þolmarkagreining fari fram sem fyrst, áður en ráðist er í uppbyggingu þjónustumiðstöðvar. Þá er æskilegt að aðrir kostir verði skoðaðir og leggur Náttúrufræðistofnun til að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur





Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Selfossi, 4. febrúar 2024  
2401023HS SHJ

**Efni: Ferðaþjónustusvæði við Selhofða í Þjórsárdal - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd til ákvörðunar um matsskyldu**

Þann 4. janúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðs ferðaþjónustusvæðis við Selhofða í Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Um er að ræða uppyggingu ferðaþjónustu á um 50 ha svæði við Selhofða þar sem fyrirhugað er að reisa allt að 3.000 m<sup>2</sup> þjónustumiðstöð, allt að fimmtíu 20-60 m<sup>2</sup> gestahús fyrir allt að 150 gesti, tjaldsvæði fyrir ferðavagna og hefðbundin tjöld, aðstöðu- og salernishús, 260-290 bílastæði, aðkomuveg og stíga. Í þjónustumiðstöðinni verður gestastofa með upplýsingamiðstöð, kortum, sýningahaldi, veitingaþjónustu, salernum o.fl. Þar verður einnig móttaka gesta Fjallabaðanna og Fjallahótelsins í Reykholti, en með því er fallið frá áformum um móttökusvæði fyrir Fjallabökðin og Fjallahótelið innan um gervigíga með tilheyrandi jarðraski og aukinni umferð innan friðlýsta svæðisins. Framkvæmdin við Selhofða er öll utan landslagsverndarsvæðisins í Þjórsárdal.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Í kafla 3.7 er vísað í leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um minni fráveitum vegna fráveitu á svæðinu. Þær leiðbeiningar eiga aðeins við um hreinsun skólps sem er *minni en 50 persónueiningar frá venjulegu heimilishaldi og minni gististöðum* en á fyrirhuguðu ferðaþjónustusvæði við Selhofða er gert ráð fyrir umfangsmikilli atvinnustarfsssemi og a.m.k. þremur hreinsivirkjum sem öll koma til með að hreinsa meira en 50 pe m.v. þær forsendur sem koma fram í tilkynningunni.
2. HSL telur að heildarfjöldi persónueininga sem losaður er í hreinsivirkri á svæðinu sé vanáætlaður, sérstaklega hvað varðar gisti hlutann.



Í töflu í kafla 3.7 er lagt upp með að fjöldi gesta í gistingu í uppábúnum rúnum séu 40 og heildarfjöldi persónueininga sé 80. Í kafla 3.2 á bls. 12 kemur hins vegar fram að gert er ráð fyrir allt að 50 gistihúsum á svæðinu sem samtals rúma allt að 150 gesti. Fjöldi persónueininga vegna gistingu í gistihúsum ætti því að vera 300 pe. en ekki 80 pe. m.v. gefnar forsendur í töflunni. Þá kemur ekki fram í tilkynningunni áætlaður heildarfjöldi gesta sem geta gist á sama tíma á tjaldvæðinu í tjöldum og ferðavögnum en á bls. 33 í tilkynningunni kemur fram að gert sé ráð fyrir 140 tjöldum og 135 ferðavögnum á svæðinu. Í töflunni á bls. 19 er fjöldi persónueininga hins vegar reiknaður eingöngu út frá fjölda ferðavagna en ekki hámarksfjölda gesta á tjaldsvæðinu á hverjum tíma.

HSL bendir jafnframt á að stærð hreinsivirkja skal að ákvarða útfrá mesta mögulega álagi sem þeim er áætlað að anna, ekki meðaltali yfir tiltekinn tíma. Þá er einnig nauðsynlegt að reikna með ákveðnu svigrúmi hvað varðar afkastagetu hreinsivirkja til að mæta áætlaðri fjölgun ferðamanna á næstu árum eftir að þjónustusvæðið er tekið í notkun.

HSL telur að tilkynningin geri að öðru leyti fullnægjandi grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir eftirfarandi starfsemi starfsleyfi:

- veitingastöðum skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollstu er varða matvæli,
- vatnsveitum sem þjóna fleiri en 50 manns eða 20 heimilum/frístundahúsum skv. rgl. nr. 536/2001 um neysluvatn,
- gististöðum, tjald- og hjólhýsasvæðum og samkomustöðum, þ.m.t. söfnun og sýninggarhúsnæði, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og rgl. nr. 941/2002 um hollustuhætti,
- hreinsivirkjum fráveitu sem meðhöndla meira en 50 pe. skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og rgl. nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s.:


- efnisnámi, meðhöndlun og endurnýtingu jarðvegsúrgangs og verktakaaðstöðu skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit,



- starfsmannabúða skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti
- mötuneyta í starfsmannabúðum skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



Undirritað af: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Tími: 04.02.2024 15:53  
Undirritað skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 7. febrúar 2024  
MÍ202402-0025 / 6.07 / K.M.

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)  
Kennitala: 440113-0280

## Efni: Selhöfðar í Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Minjastofnun Íslands hefur borist ósk um umsögn um hvort fyrirhugaðra framkvæmdir við ferðaþjónustusvæði við Selhöfða í Þjórsárdal skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í skýrslu framkvæmdaraðilans kemur fram að við Selhöfða er fyrirhugað er að reisa þjónustumiðstöð, bílastæði, gestahús, tjaldsvæði, salernishús, aðkomuveg og stíga. Áform um uppbyggingu á svæðinu séu í samræmi við nýsamþykkt deiliskipulag svæðisins. Þá segir að tilkynningin nái einnig til framkvæmda á nýjum vegslóða sem tilgreindur er í aðalskipulagsbreytingu fyrir umrætt svæði og liggja mun frá Selhöfðum að fjallahóteli við Reykholt.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

Minjavörður Suðurlands veitti umsögn um tillögu að deiliskipulagi þjónustumiðstöðvar við Selhöfða með bréfum til Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 24.01.2022 og 03.01.2023. Þrjár skráðar fornleifar eru innan skipulagssvæðis, smalavegur (Ár-671:030), Bauravað (Ár-263:030) og stígur (Ár-263:031). Tekið var tillit til minjanna við útfærslu skipulagsins. Minjastofnun gerði ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi þjónustumiðstöðvar við Selhöfða.

Í umsögnum minjavardar Suðurlands um deiliskipulagstillögu svæðisins er vikið að fyrirhuguðum vegi frá þjónustumiðstöðinni að hótelinu undir Rauðukömbum. Eftirfarandi eru úr umsögn minjavardar frá því í janúar 2023:

*Minjavörður skrifaði umsögn um skipulagið þann 24. janúar 2022 sem ber sama málstímer og þessi umsögn. Í þeiri umsögn er kallað eftir nánari útlistun á veginum á milli væntanlegrar þjónustumiðstöðvar við Selhöfða og fyrirhuguðu hóteli undir Rauðukömbum. Eins er talað um að varpa þurfi hnitud minjastaða inn á skipulagsuppdrátt sem hefur verið gert. Hinsvegar eru enn ekki næg gögn um téðan veg að mati minjavardar...*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmenningar nr. 80/2012 eru ákvörðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnarsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnarsýslulagá nr. 37/1993 getur aðili mál óskað eftir skriflegum rökstudiðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi síltkur rökstudiðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstudiðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

*Minjavörður stóð í þeirri meiningu að notast ætti við „smalaveginn“ meðfram Sandá - ekki fornū leiðina sem er enn nærri Sandá – til að ferja hótelgesti frá þjónustumiðstöðinni við Selhöfða að hótelinu undir Rauðukömbum. En samkvæmt deiliskipulagsupprætti og texta í greinargerð með aðalskipulagsbreytingu (Efla, s. 5, 11. (26.09.2022)) er ráðgert að leggja nýjan veg eða slóða suðaustan við „smalaveginn“, frá væntanlegri þjónustumiðstöð að núverandi slóða vestan Reykholtss eða alla leið að væntanlegu hótelri. Ekki er að sjá í gögnum sem borist hafa minjaværði hnittsetta leið fyrir nýja veginn heldur er nýi vegurinn aðeins sýndur á grófum uppdrætti. Ef brjóta á land undir nýjan veg þarf að taka vegstæðið út með tilliti til fornleifa...*

*Minjavörður gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við skipulagið en minnir á mikilvægi þess að fyrirhugað vegstæði, hvort heldur sem er frá fyrirhugaðri þjónustumiðstöð við Selhöfða alla leið að væntanlegri hótelbyggingu undir Rauðukömbum eða aðeins að suðurenda Reykholtssjalls, verði tekið út með tilliti til fornleifa.*

Fjallað er um veg frá Selhöfða að Reykholti í kafla 3.9 í skýrslu framkvæmdaraðilans. Þar segir að fallið hafi verið frá því að gera veg frá þjóðvegi að fjallaböðum á reit VP26, gegnum gervigígasvæði og friðlýst svæði. Þess í stað verði lagður vegur skammt austan Sandár frá þjónustumiðstöð við Selhöfða, til norðurs þar til hann sameinist núverandi vegi vestan við Reykholt. Nýr vegur verði um 5,4 km að lengd, frá Selhöfðum að núverandi vegi við gatnamót tveggja vegslóða vestan við Reykholt. Vegurinn muni verða lagður í um 100-150 m fjarlægð frá reiðleiðinni, en þveri reiðleiðina á móts við Gæsafit og sveigi vestur fyrir gervigígasvæðið. Þar liggi leiðin um Vikrana þar til hún sameinast núverandi vegi vestan við Reykholt. Vegurinn verði lítillega uppbryggður, 30-50 cm og að hámarki 4 m breiður. Þá segir að endanleg útfærsla á legu liggi ekki fyrir og muni taka mið af landslaginu sem vegurinn fari um.

Eins og fram kemur í kafla 4.3 í skýrslu framkvæmdaraðilans tók friðlysing menningarlandslags í Þjórsárdal gildi 14. október 2020. Svæðið nær yfir Þjórsárdal í heild sinni að undanskildum jörðunum Haga og Ásólfssstöðum. Afmörkunin fylgir landfræðilegum mörkum dalsins og hálandisbrún að svo miklu leyti sem unnt er. Innan friðlýsta svæðisins eru 22 friðlýst fornþýli og aðrar aldursfriðaðar menningarminjar eru nálægt 300 talsins. Elstu minjar eru taldar vera allt frá landnámi og fram á miðaldir.

Deiliskipulagssvæðið við Selhöfða og umrædd leið eru innan svæðisins sem friðlýst er sem menningarlandslag eins og sést á mynd 15 í skýrslu framkvæmdaraðilans. Eins og fram kemur hér að ofan hefur oftar einu

sinni verið kallað eftir gögnum sem sýna nákvæma legu vinarins frá Selhöfðum að veginum vestan Reykholt. Í skýrslu framkvæmdaraðilans kemur fram að endanleg útfærsla vinarins liggi ekki fyrir. Gróf lega vinarins er sýnd á mynd 15 í skýrslunni. Engin hnit liggja fyrir um staðsetningu hans. Vegurinn mun liggja innan svæðisins sem friðlýst er sem menningarlandsdag. Minjastofnun getur ekki fallist á að lega vinarins verði óljós þar til kemur að því að leggja hann. Svæðið sem vegurinn mun liggja um hefur ekki allt verið skoðað af fornleifafræðingi af þeiri nákvæmni sem nauðsynleg er þegar ráðist er í vegagerð. Minjastofnun telur að ákveða þurfi legu vinarins og að fá þurfi fornleifafræðing til að kanna svæðið þar sem hann á að liggja. Vakin er athygli á að í 22. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að umhverfis fornleifar skal vera 15 m friðhelgað svæði nema annað sé ákveðið.

Vegna óvissu um legu vinar frá þjónustumiðstöðinni við Selhöfða að vegi vestan Reykholt og þar með um áhrif hans á fornleifar telur Minjastofnun Íslands að umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skilt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson ([Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))





Árnesi, 7. febrúar 2024

Mál númer: M202402-0020

**Mál nr.5/2024 - Ferðaþjónustusvæði við Selhofða í Þjórsárdal – Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.**

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar fyrir tækifærið að koma á framfæri ábendingum og athugasemnum við tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna ferðaþjónustusvæði við Selhofða í Þjórsárdal.

Fyrstu hugmyndir um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar fyrir Þjórsárdalinn og nágrenni má rekja til byrjun þessarar aldar. Aðdragandi að byggingu þeirrar þjónustumiðstöðvar sem áætlað er að byggja við Selhofða er því kominn vel á þriðja tug ára. Við undirbúnning að byggingu Fjallabaðanna í Reykholti í Þjórsárdal var áætlað að móttaka gesta færi fram innan þjóðlendunnar í Þjórsárdal við gervigásavæðið. Í framhaldi af því að sveitarfélagið í samvinnu við Skógræktina og Forsætisráðuneytið auglýstu eftir aðila til að byggja þjónustumiðstöð fyrir Þjórsárdalinn voru Rauðukambar eini aðilinn sem sótti um. Það leiddi til þess að móttaka Fjallabaðanna var sameinuð inn í þjónustumiðstöð í ferðaþjónustusvæði við Selhofða í Þjórsárdal. Slík breyting færir því móttöku gesta Fjallabaðanna út úr friðlandi Þjórsárdalsins og minnkar mögulegt álag innan þjóðlendunnar. Fyrirhugað ferðaþjónustusvæði við Selhofðan í Þjórsárdal mun því leiða til minna álags á hið friðlýsta svæði heldur en ef móttaka Fjallabaðanna hefði verið á áður samþykktu svæði innan þjóðlendunnar í Þjórsárdal.

Undirbúnningur ferðaþjónustusvæðis við Selhofðan í Þjórsárdal hefur verið í miklu samstarfi Rauðukamba, Skógræktarinnar og sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þjónustumiðstöðin mun gegna mikilvægu hlutverki í að upplýsa gesti um svæðið í heild og stýra umferð ferðamanna. Aðgengi að friðlýsta svæðinu í Þjórsárdal takmarkast með lélegum samgöngum um veg sem er skilgreindur 4x4 vegur og komast því einungis stærri bílar þangað, ekki fólksbílar né venjulegar rútur. Engin áform eru uppi um að bæta þær samgöngur, heldur upplýsa gesti í þjónustumiðstöð um þá staði sem hentugt er að skoða á svæðinu. Með því móti mun þjónustumiðstöðin við Selhofða gegna lykilhlutverki í stýringu ferðamanna um svæðið og verndun þjóðlendunnar í Þjórsárdal.

Vel hefur verið vandað til verka í undirbúnungi verkefnisins og eins og kom fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi uppbyggingu hótels og baðstaðar í Reykholti, Þjórsárdal, þá var það mat stofnunarinnar sökum mikilla og góðra gagna að mat á umhverfisáhrifum myndi ekki bæta neinum frekari upplýsingum um verkefnið.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Þjórsárdalinn er tilbúin og á einungis eftir að staðfesta með undirritun umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Áætlunin er leiðarvísir um skipulag og verndun Þjórsárdalsins. Í undirbúnungi er að Skeiða- og Gnúpverjahreppur verði rekstraraðili Þjórsárdalsins í samstarfi við Umhverfisstofnun og með því móti verður tryggt að stýring ferðamanna um svæðið og verndun svæðisins verði ávall í höndum Skeiða- og Gnúpverjahrepps í góðri samvinnu með Umhverfisstofnun.

Það er því mat sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps að ekki sé þörf á því að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum enda myndi slíkt mat ekki bæta neinu við nú þegar unnin gögn málsins.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur - [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)

Árnesi, 801 Selfoss, Sími: 486 6100, [skeidgnup@skeidgnup.is](mailto:skeidgnup@skeidgnup.is) [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)

---

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson  
Oddviti / Sveitarstjóri

# Undirritunarsíða

Haraldur Þór Jónsson



Undirritað af:  
Haraldur Þór Jónsson  
2705765089  
Dags: 07.02.2024  
Tími: 13:59:37  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: ae19f6c6-9913-4617-a2a3-7b7e05509f37



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)  
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 20. febrúar 2024  
MÍ202402-0025 / 6.07 / K.M.

## Efni: Selhöfðar í Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Minjastofnun Íslands hefur borist ósk um frekari umsögn um matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmdar við ferðaþjónustusvæði við Selhöfða í Þjórsárdal.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

Minjastofnun veitti umsögn um málið með bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 07.02.2024. Þar kom fram að vegna óvissu um legu vegar frá þjónustumiðstöðinni við Selhöfða að vegi vestan Reykholt og þar með um áhrif hans á fornleifar teldi Minjastofnun Íslands að framkvæmdin skyldi háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaraðilans segir að á núverandi tímapunkti liggi nákvæm hönnun og lega vegarins ekki fyrir en að vegurinn sé staðsettur þannig að hann sé ekki nálægt skráðum minjum. Í umsögn Minjastofnunar kom fram að svæðið sem vegurinn mun liggja um hafi ekki allt verið skoðað af fornleifafræðingi af þeiri nákvæmni sem nauðsynleg er þegar ráðist er í vegagerð. Af því leiðir að stofnunin telur að fleiri fornleifar gætu leynt á þessu svæðin en þær sem þegar hafa verið skráðar.

Í svari framkvæmdaraðilans er lagt til að gerður verði samningur/yfirlýsing þar sem sveitarfélagið, framkvæmdaraðili og Minjastofnun gera með sér samkomulag. Í því komi fram hvernig og hvenær aðilar velji leiðina saman og að slíkt verði ein af forsendum þess að sveitarfélagið veiti framkvæmdaleyfi.

Minjastofnun Íslands hefur um langt árabil átt gott samstarf við sveitarfélagið um málefni Þjórsárdals. Stofnunin hefur einnig verið í góðu samstarfi við fulltrúa þeirra sem standa að uppbyggingu hótels og baðlóns undir Rauðukömbum en þeir sömu aðilar munu sjá um uppbyggingu ferðaþjónustusvæðisins við Selhöfða.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákváðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnarsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili mál óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi sílfur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjastofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðilans um verkalag við gerð vegar frá þjónustumiðstöðinni við Selhöfða að vegi vestan Reykhols. Um leið fellur stofnunin frá ákvörðun sinni um að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarmínjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem bjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnusson  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson ([Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík  
b.t. tengil. Jakobs Gunnarssonar  
sent á póstfangið [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

Selfossi, 6. febrúar 2024

Efni: Ferðaþjónustusvæði við Selhofða í Þjórsárdal, tilkynning til matsskylduákvörðnar.

**Mnr. 5/2024**

Undirritaður hefur kynnt sér málið, frestur til umsagnar var til 5. febrúar 2024. *Land og skógur* tók um áramótin við hlutverki Skógræktarinnar. Umsögn þessi er byggð á lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Rétt þykir að gera nokkar athugasemdir við málið:

Með uppbyggingu í Sandártungu er verið að framkvæma eldri hugmyndir um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar, sbr. deiliskipulag frá árinu 2000 þar sem fram komu fyrstu hugmyndir um þjónustumiðstöð í mynni Þjórsárdals. Þjónustumiðstöðin sem nú hefur verið skipulögð er þó ekki staðsett á þeim stað sem fyrst var gert ráð fyrir, heldur nær gönguleiðum um skógin og aðkomuvegi. Auglýst var eftir aðila til að byggja upp þjónustumiðstöð og Rauðukambar ehf. ákváðu sækja um lóðina og í kjölfarið hætti fyrirtækið við uppbyggingu á þá fyrirhuguðum byggingarstað við gervigígasvæði um miðbik Þjórsárdals sem aðalskipulag gerði ráð fyrir, og nýtti sér þá lóð sem auglýst var. Þannig gat gamla hugmyndin um þjónustumiðstöð samrýmst hugmyndum þeirra um móttökumiðstöð fyrir hótel í Rauðukömbum.

Staðsetning þjónustumiðstöðvarinnar er valin í sameiningu af umsjónaraðilum svæðisins þ.e.. Skógræktinni, nú Landi og skógi. Tunguhorn, birkitorfan sem staðsetja á þjónustumiðstöðina er vaxin birk. Mikið rof og áfok var á torfunni og er jarðvegur þar óvenju þykkur. Til að stöðva jarðvegsfok úr rofabörðum torfunnar var sett lúpína í jaðrana fyrir um 30 árum og svo var lerki og fleiri trjátegundir gróðursett í jaðra torfunnar. Viðfeðmir birkiskógar vaxa í nágrenni torfunnar og víða um Þjórsárdal og var það mat Skógræktarinnar, í samráði við skipulags- og framkvæmdaraðila, við val á byggingarstað þjónustumiðstöðvarinnar, að ekki væri um að ræða sérstæðan birkiskógi með hátt verndargildi. Um fimmtungur torfunnar verður fyrir raski við framkvæmdina, en leitast verður við að vernda eins og kostur er það mat birkiskógi sem eftir stendur og verður þjónustumiðstöðin umlukin birkiskógi. Það er í anda laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 að hlífa birkiskógum eftir föngum. Það er og einnig ákvæði um það í 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, að sérstæðir birkiskógar og leifar þeirra njóti sérstakrar verndar.<sup>1</sup> Stofnunin telur skógin í Tunguhorni ekki falla undir þetta ákvæði, þar eð hann er ekki sérstæður, m.a. vegna tilvistar sambærilegra skógarreita í næsta nágrenni. Það kemur einnig fram í greinargerð með frumvarpi að lögum um breytingu á náttúruverndarlögum<sup>2</sup> að það er ekki ætlun löggjafans að allir birkiskógar njóti sérstakrar verndar.

<sup>1</sup> b.-liður 1. mgr. 61. gr. „Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar[...]: [...] sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.“

<sup>2</sup> Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, með síðari breytingum (varúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.). Úr greinargerð um 28. gr. frumvarpsins: „Í b-lið er lögð til breyting á orðalagi b-liðar 1. mgr. 57. gr. þannig að ljóst sé að það séu ekki allir birkiskógar sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt ákvæðinu heldur sé um að ræða sérstæða og vistfræðilega mikilvæga birkiskóga og leifar þeirra. Birkiskógar eru víða í mikilli útbreiðslu vegna náttúrulegrar nýliðunar, t.d. meðfram þjóðvegum landsins. Verður því að telja heppilegra að þeir skógar sem sannanlega eru sérstæðir og vistfræðilega mikilvægir falli undir ákvæði sérstakrar verndar. Skógrækt ríkisins mun bera ábyrgð á því að meta hvaða birkiskóga um ræðir, eins og fram kemur í 7. mgr. ákvæðisins.“ <https://www.althingi.is/altext/145/s/0140.html>

Ef framkvæmdir krefjast þess að ganga þurfi á birkiskóg (eða annan skóg) þá telur stofnunin það falla undir 19. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019, og þ.m.t. 3. mgr., þar sem segir að komi til varanlegrar eyðingar skógar skuli framkvæmdaraðili ráðast í mótvægisáðgerðir til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið af eyðingu skógarins, með hliðsjón af markmiðum laga þessara, svo sem með endurheimt náttúruskógar eða ræktun nýrra skóga.

Stofnunin telur þessvegna ekkert standa í vegi fyrir því að ryðja hluta lundarins í Tunguhorni burt ef tryggt er að mótvægisáðgerðir komi í staðinn.

Bygging þjónustumiðstöðvar nýtist þeim aðilum sem hafa starfsemi í Þjórsárdal og verður möguleiki þar innandyra að kynna sögu dalsins, endurheimt gróðurs í dalnum sem var að mestu örfoka þegar Skógrækt ríkisins ásamt Landgræðslu ríkisins unnu þar að því að stöðva vikur- og sandfok og græða dalinn upp. Einnig verður tækifæri að kynna í miðstöðinni friðlýst svæði sem Umhverfisstofnun rekur í dalnum sem og friðlýstar menningarminjar og menningarlandslag sem Minjastofnun hefur umsjá með. Þarna gefst einnig tækifæri til að stýra betur umferð ferðamanna um dalinn og skapa framtíðarstörf fyrir fjölda fólks.

Land og skógur fagnar þessari framkvæmd sem unnin er í góðu samstarfi við stofnunina.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað,  
bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

  
Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi  
[pall.sigurdsson@landogskogur.is](mailto:pall.sigurdsson@landogskogur.is)  
Austurvegi 3, 800 Selfossi, gsm. 849-2912